

REGLUR

um breytingu (9) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 94. gr. reglnanna í XIII. kafla um viðskipta- og hagfræðideild bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Til M.A.-prófs í viðskiptafræði og í hagfræði og í skyldum greinum.

2. gr.

Þriðji og fjórði málslíður 3. mgr. 94. gr. reglnanna breytast og verða svohljóðandi:

Til M.S./M.A.-prófs er krafist 45 eininga hið minnsta. Nánari reglur um M.S./M.A.-nám, en fram koma í þessum kafla skulu staðfestar af háskólaráði sbr. ákvæði 68. gr. þessara reglna.

3. gr.

Heiti 97. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

M.S.- og M.A.-nám.

Aftan við 97. gr. reglnanna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Skipan M.A.-námsins miðast við þrjú misseri. Nám til M.A.-prófs er 45 einingar hið minnsta, þar af eru 30 einingar í námskeiðum og 15 eininga ritgerð. Nemendur sem vilja ljúka 60 eininga M.A.-prófi eiga kost á 30 eininga ritgerð eða geta óskað eftir heimild til að ljúka 45 einingum í námskeiðum. Skorir setja nánari reglur um inntökuskilyrði, námsleiðir og námskröfur.

4. gr.

Þriðji málslíður 2. mgr. 99. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Ritgerð í M.S./M.A.-námi vegur 15 eða 30 einingar.

5. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 99. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Umsjónarkennari og prófdómari gefa einkunn fyrir M.S./M.A.-ritgerðir.

Þá breytist fyrsti málslíður 5. mgr. 100. gr. reglnanna og verður svohljóðandi:

Stúdent í námi til M.S./M.A.-prófs skal hafa lokið prófi eigi síðar en þremur árum eftir skráningu í námið.

6. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 17. apríl 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.